

# Opna Reykjavíkurmótið í keilu 2011

## Einstaklingskeppni karla og kvenna.

Skráning er hafin í Reykjavíkurmót einstaklinga. Skráning fer fram á [netinu](#). Keppnin fer fram í Keiluhöllini í Öskjuhlíð.

Skráningu lýkur fimmtudaginn 15. september, kl. 21:00.

Leiknir verða 9 leikir í forkeppni og komast fjórir efstu (karlar og konur) áfram í úrslit. Úrslitin eru þannig að 1. – 4., 2. – 3. sætið úr forkeppninni leika saman. Sá/sú sem fyrr vinnur tvo leiki heldur áfram.

Sigurvegarnir úr leikjunum leika svo innbyrðis og sá/sú er fyrr vinnur tvo leiki hlýtur

Reykjavíkurmeistaratitilinn. Þeir sem tapa spila innbyrðis um þriðja sætið og sigrar sá/sú er fyrr vinnur tvo leiki.

Forkeppnin er laugardaginn 17. september kl 09:00, 6 leikir og sunnudaginn 18. september kl 09:00 eru 3 leikir í forkeppni og úrslit strax á eftir.

Verð er kr. 3000.

Vinsamlegast skráið ykkur tímanlega.

Undirbúningsnefnd áskilur sér rétt til breytinga í forkeppninni.

Reykjavíkurfélögin